



Alþingi, nefndarsvið
B.t. Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2021
2103129/6.3/ása

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þingskjal 942-562.mál.

Undirrituð fagnar framkomnum breytingatillögum á lögum nr 7/1998 ekki hvað síst 2. gr. frumvarpsins sem verður 18.gr. b. Í lögum.: *Vinna við húðrof.* að auknar kröfur séu gerðar um kunnáttu í hvers kyns sótt- og sýkingavörnum.um m.a. að þeir sem stunda húðrof s.s. húðgötun og hvers kyns húðflúr þurfi að hafa undirgengist fræðslu og staðist hæfnispróf áður en þeir fá leyfi til að framkvæma slíkar aðgerðir á fólki.

Undirrituð telur einnig að það þurfa að skýra vel hvaða lög og reglur gilda um þessi mál og sjá til þess að þær séu aðgengilegar og þýddar yfir á ensku og helst pólsku líka vegna þess vaxandi fjölda erlendra aðila sem hasla sér völl við húðflúr og húðgötun.

Málinu til stuðning vill undirrituð koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Um síðustu aldamót hafði þáverandi aðstoðarlandlæknir áhyggjur af ófullnægjandi aðstæðum þar sem verið var að flúra og gata húð. Áhyggjuefnið var einkum hættan á smiti af blóðbornum veirum og ýmsum bakteríum sem er til staðar þegar húð einstaklinga er rofin.

Landlæknisembættið skipaði þá (árið 2000) starfshóp sem bjó til leiðbeiningar um aðgerðir til að minnka líkur á smiti við húðflúr og götun og komið var á því vinnulagi að rekstraraðili sem hugðist bjóða upp á svona starfsemi þurfti að koma í landlæknisembættið og undirrita skuldbindingu um "að fara í einu og öllu eftir reglum Heilbrigðiseftirlits og Embættis landlæknis varðandi húðflúr, líkamsgötun og skylda starfsemi".

Eftir að húðgötun og húðflúr varð starfsleyfisskyld starfsemi var sett inn ákvæði í reglugerð að viðkomandi umsækjanda starfsleyfis bæri að "afla vottorðs frá landlækni" þó aldrei hafi verið gefin á því opinber skýring hvað ætti að felast í þessu vottorði. Eftir að undirrituð hóf störf hjá Embætti landlæknis árið 2003 var farið að skylda þá sem komu til að "afla vottorðs frá landlækni" til að hlusta á klukkustundar fyrirlestur um sýkingavarnir við götun og húðflúrun. Þessi fræðsla og varðveisla undirritaðra skuldbindinga þeirra sem hafa fengið hana hefur farið fram allar götur síðan. Ekkert gjald hefur verið innheimt fyrir fræðsluna eða útgáfu á skjölum þessu tengt.

Sífelld fer þeim fjölgandi þeim sem koma til fræðslu um sýkingavarnir við húðflúr og húðgötun. Ástæður þess eru m.a. að stöðum sem bjóða upp á svona starfsemi fer fjölgandi því svona þjónusta er eftirsótt og seld dýru verði. Einnig er það óljóst skv reglugerðinni hvort það er

eingöngu rekstraraðilinn sem er skuldbundinn til að undirrita skuldbindinguna fyrir hönd þeirra sem starfa á hans stofu eða hvort að allir sem framkvæma þessar aðgerðir eigi að undirrita. Undanfarin ár hefur sú túlkun orðið að heilbrigðisfulltrúar hafa beint öllum sem framkvæma húðflúr og húðgötun til að undirgangast fræðslu því þetta er eina fræðslan sem hefur verið í boði. Þó eru eflaust margir sem starfa við þetta sem hafa ekki þegið fræðslu né undirritað skuldbindingu um að fara að reglum um hreinlæti og sýkingavarnir. Einnig er mjög vaxandi fjöldi erlendra einstaklinga sem óska eftir fræðslu og margir þeirra skilja ekkert í Íslensku og geta því ekki lesið þær leiðbeiningar sem eru fyrirbyggjandi um þessi mál.

Á undanförunum árum hefur verið tíðrætt um að það er óeðlilegt að Embætti landlæknis sé í svona beinum tengslum við tiltekna starfsemi, sem í sjálfu sér er óheilsusamleg. Það er líka óeðlilegt að embættið sé að halda úti fræðslustarfsemi fyrir tiltekna hópa. Embættinu er fyrst og fremst ætlað að hafa eftirlit og umsjón með heilbrigðisstarfssemi. Það er því ósk embættisins að losna alfarið frá þessum málaflokki.

En þó embættið vilji draga sig frá þessum málaflokki þá telur það fulla þörf á að þeir sem bjóða upp á húðflúr og húðgötun hafi þekkingu á þeim grundvallarreglum sem þeim ber að fylgja til að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra. Því fagnar undirrituð þeirri breytingatillögu sem nú er borin fram á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst,



Ása St. Atladóttir,
verkefnisstjóri